STJÓRNARTÍÐINDI B 95 – 2005

Nr. 718 1618 2. ágúst 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi svifbrautar í Hlíðarfjalli, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. maí 2005 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags– og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingar á deiliskipulaginu felast í því að skipulagssvæðið er stækkað og þar gerð grein fyrir mannvirkjum til snjógerðar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags– og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 2. ágúst 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags– og byggingarfulltrúi.

Nr. 719 4. ágúst 2005

REGLUGERÐ

um línuívilnun.

1. gr.

Frá og með 1. september 2005 má við línuveiðar dagróðrabáta í einstökum róðrum landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Heimild þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að línan sé beitt í landi og ekki séu önnur veiðarfæri um borð í bátnum.
2. Að bátur komi til löndunar í höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða úr þeirri höfn.
3. Að sjálfvirkt tilkynningakerfi bátsins sé virkt.
4. Að skipstjóri tilkynni um upphaf og lok róðurs skv. 4. gr.
5. Að við skráningu afla í löndunarhöfn, í aflaupplýsingakerfið Lóðs, komi fram, að veiðarfæri í tilteknum róðri hafi verið landbeitt lína samkvæmt upplýsingum skipstjóra.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuívilnun í þorski á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir, 1.472 lestir af ýsu og 644 lestir af steinbít, miðað við óslægðan fisk, sem skiptast þannig innan fiskveiðiársins:

Gutenberg

		Þorskur	Ýsa	Steinbítur
1.	September – nóvember	1.080 lestir	632 lestir	20 lestir
2.	Desember – febrúar	1.280 lestir	472 lestir	65 lestir
3.	Mars – maí	770 lestir	272 lestir	400 lestir
4.	Júní – ágúst	245 lestir	96 lestir	159 lestir

3. gr.

Fiskistofa fylgist með línuafla og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils verði náð sbr. 2. gr. Náist ekki að veiða viðmiðunarafla einhvers tímabils bætast ónýttar heimildir við viðmiðunarafla næsta tímabils á eftir. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

4. gr.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf róðurs áður en lagt er úr höfn. Telst róður hafinn þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar komið er til hafnar til löndunar. Tilkynningar skal senda í gegnum Símalínu, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal koma fram frá hvaða höfn bátur rær sbr. 2. tl. 1. gr.

Línuívilnun reiknast aðeins á þann afla sem endanlega er vigtaður hér á landi samkvæmt ákvæðum gildandi reglugerðar um vigtun sjávarafla, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 10. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2005. Jafnfamt er felld úr gildi reglugerð nr. 673, 12. ágúst 2004, um línuívilnun.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. ágúst 2005.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

4. ágúst 2005 Nr. 720

REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun skv. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, til skel– og rækjubáta.

1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í innfjarðarækju í Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi, Húnaflóa, Skagafirði, Skjálfandaflóa, Axarfirði, Eldeyjarsvæði og Norðurfjörðum Breiðafjarðar á fiskveiðiárinu 2004/2005, skal á fiskveiðiárinu 2005/2006 úthluta aflamarki sem nemur samtals 1.685 þorskígildislestum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við, að skerðingin, verði ekki meiri en 30% frá meðalafla rækjuvertíðanna 1994/1995 – 2003/2004, að frádregnum afla fiskveiðiársins 2004/2005. Verðmætastuðullinn fyrir rækju er 0,52, miðað við þorskígildi, og koma 8 lestir í hlut báta frá Arnarfirði, 543 lestir í hlut báta við Ísafjarðardjúp, 329 lestir í hlut báta við Húnaflóa, 234 lestir í hlut báta við Skagafjörð, 123 lestir í hlut báta við Skjálfandaflóa, 301 lest í hlut báta við Axarfjörð, 128 lestir í hlut báta á Eldeyjarsvæði og 19 lestir í hlut báts í Norðurfjörðum Breiðafjarðar.